

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 13. október 2023

Mál nr. E-966/2023:

Sigurður Gísli Björnsson

(Sigmar Páll Jónsson lögmaður)

gegn

Elísabetu Erlu Dungal

(Karl Georg Sigurbjörnsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 13. mars 2023 og dómtekið 28. september 2023.

Stefnandi er Sigurður Gísli Björnsson, kt. [...], [...].

Stefnda er Elísabet Erla Dungal, kt. [...], [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði dæmd til að greiða honum 20.000.000 króna auk dráttarvaxta, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 27. nóvember 2022 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði dæmd til að greiða honum málskostnað að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefnda þess að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar auk lögmælt virðisaukaskatts, að mati dómsins. Þá er þess krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól málskostnaðarkröfu í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1991 á 12 mánaða fresti.

Málavextir og sönnunarfærsla:

Þann 30. desember 2016 millifærði stefnandi 20.000.000 króna inn á reikning stefndu. Með bréfi lögmanns stefnanda 27. október 2022 var skorað á stefndu að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 20.000.000 króna, innan 10 daga. Fram kemur í bréfinu að stefnandi hafi lánað stefndu umrædda fjárhæð. Lögmaður stefnanda ítrekaði kröfuna í október 2022, og er þá tilgreindur gjalddagi kröfunnar 27. nóvember 2022. Ekki liggur fyrir að stefnda hafi svarað innheimtubréfum lögmanns stefnanda. Í málinu greinir aðila á um það hvort millifærslan hafi verið lán eða greiðsla stefnanda tengt uppgjöri eigenda félagsins Northern Seafood ehf. við aðra eigendur í félaginu DESK ehf.

Stefnda hefur lagt fram afrit kaupsamnings 17. ágúst 2016, þar sem stefnda og eiginmaður hennar, Karl Björgvin Brynjólfsson, selja 100% hlutafé félagsins Northern Seafood ehf. til félagsins DESK ehf., gegn peningagreiðslu. Þá hefur stefnda lagt fram afrit afsals frá 22. september 2017, þar sem hún og eiginmaður hennar afsala hvort um sig 16,66% hlut sínum í DESK ehf., samtals 33,33% til félagsins sjálfs. Einnig hefur stefnda lagt fram afrit af ódagsettum afsalssamningi þar sem hún og eiginmaður hennar selja 40% af eignarhluta sínum í Northern Seafood ehf. til félagsins Dock ehf. á eina krónu. Er á því byggt af hálfu stefndu að um hafi verið að ræða falið eignarhald stefnanda, en hann hafi í raun verið 40% eigandi í Northern Seafood ehf., sem „Silent Partner“. Jafnframt leggur stefnda fram afrit millifærslukvittunar fyrir 20.000.000 króna 30. desember 2016, út af reikningi sínum og inn á reikning aðila að nafni [C], og veðbandayfirlit fasteigna.

Málsaðilar gáfu aðilaskýrslur. Vitnaskýrslur gáfu Karl Björgvin Brynjólfsson, eiginmaður stefndu, [D] og Andri Gunnarsson lögmaður.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi byggir á því að ógreitt sé lán hans til stefndu að fjárhæð 20.000.000 króna, sem stefnandi hafi lánað stefndu með millifærslu af eigin bankareikningi nr. [...] inn á bankareikning stefndu nr. [...] þann 30. desember 2016. Til sönnunar millifærslunni og þar með lánveitingunni byggir stefnandi á kvittun úr netbanka Arion banka. Stefnandi byggir á því að hann hafi veitt stefndu peningalán, sem stefndu sé skylt að endurgreiða samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar. Ekki hafi verið samið sérstaklega um gjalddaga kröfunnar, en þá gildi að mati stefnanda sú óskráða meginregla kröfuréttar að lánið beri að endurgreiða þegar krafist sé endurgreiðslu, sbr. m.a. niðurstöðu Hrd. 690/2008.

Stefnandi bendir á að krafist hafi verið endurgreiðslu lánsins með formlegum og sannanlegum hætti með greiðsluáskorun 27. október 2022. Kröfu um dráttarvexti byggir stefnandi á heimild í 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, en dráttarvextir séu reiknaðir frá og með 27. nóvember 2022, þ.e. mánuði eftir að greiðsluáskorun var fyrst send stefndu. Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til meginreglna kröfu- og samningaréttar, og til ákvæða samningalaga nr. 97/1936. Málskostnaðarkrafa stefnanda byggist á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefndu:

Stefnda bendir á að í stefnu sé ekki gerð grein fyrir aðdraganda og/eða forsendum hins svokallaða „láns“, og sé því alfarið mótmælt að um lán hafi verið að ræða. Hið rétta sé að um hafi verið að ræða greiðslu vegna viðskipta sem stefnandi hafi verið þátttakandi í ásamt stefndu og eiginmanni hennar, Karli Björgvini Brynjólfssyni. Umrædd greiðsla hafi verið hlutur stefnanda í þeim viðskiptum. Viðskiptin hafi tengst félaginu Northern Seafood ehf., sem hún og eiginmaður hennar hafi átt, en félagið hafi verið umsvifamikið í sölu fiskafurða á erlendum mörkuðum. Á einhverjum tíma, fyrir umþrætta millifærslu, hafi átt sér stað samskipti á milli stefnanda og eiginmanns stefndu um aðkomu stefnanda að nefndu félagi., m.a. vegna áhuga stefnanda á sölu sjávarafurða erlendis, þar sem hann sé reynslumikill á þeim vettvangi, en vegna persónulegra ástæðna hafi hann ekki haft aðgang að slíkum viðskiptum lengur. Þá hafi eiginmaður stefndu einnig verið í miklum samskiptum við starfsmann stefnanda á þeim tíma, [E]. Hafi það m.a. tengst viðskiptum Northern Seafood ehf. við stórt fisksölufyrirtæki í Bretlandi, [...], og [...], fyrrverandi starfsmanns Northern Seafood ehf.

Vegna framangreindra viðræðna hafi orðið úr að lögmaður stefnanda hafi gengið til samninga við stefndu og eiginmann hennar um kaup á 40% hlut í félaginu Northern Seafood ehf. Kaupandi hlutarins hafi verið félagið Dock ehf., þar sem eignarhald stefnanda átti ekki að vera opinbert samkvæmt skilningi stefndu.

Stefnda vísi til þess að á árinu 2016 hafi orðið kaflaskipti í rekstri félagsins Northern Seafood ehf., þegar stefnda og eiginmaður hennar hafi gengið inn í félagasamstarf um fiskvinnslu- og fasteignafélag, sem starfrækt hafi verið að [...] í Reykjavík. Hafi einkahlutafélagið DESK ehf., verið stofnað um það samstarf og félagið Northern Seafood ehf. sett þar inn ásamt fleiri félögum í eigu [D] og [C], en þeir hafi átt fasteignir að [...], sem lágu inni í félaginu [H] ehf. Úr þessu hafi orðið félagasamsteypa þar sem móðurfélagið var DESK ehf. en auk Northern Seafood og [H] ehf. hafi komið þar inn [E] ehf., [G] ehf. og [F] ehf. Hluthafar í Northern Seafood ehf. hafi eignast 33,33% í DESK ehf. á móti 66,67% hlut [C] og [D]. Sökum þess að mikil verðmæti hafi legið í fasteignum að [...] hafi verið samið um að eigendur Northern Seafood ehf. greiddu [C] og [D], 45.000.000 króna. Hafi það m.a. verið gert með þeirri millifærslu sem geti um í stefnu, sem hafi verið eignarhlutur stefnanda í Northern Seafood ehf., en stefnda og eiginmaður hennar hafi greitt 25.000.000 króna. Þessu til sönnunar bendir stefnda á að

sama dag og stefnandi millifærði á stefndu 20.000.000 króna, hafi stefnda greitt 20.000.000 króna inn á [C].

Stefnda telur ofangreind málsatvik sanna að umrædd krafa stefnanda hafi ekki verið lán heldur fjárframlag stefnanda sem eiganda 40% hlutar í félaginu Northern Seafood ehf. Sé það skýring þess að millifærsla peninga að verulegri fjárhæð hafi verið gerð af hálfu stefnanda þessa máls án skuldaskjala og vaxtalaust inn á reikning stefndu. Þá bendir stefnda á að ekki hafi verið gerð krafa um endurgreiðslu peninganna fyrr en sex árum síðar, þegar legið hafi fyrir að fyrrgreindar eignir hefðu tapast vegna rekstrarerfiðleika í fiskvinnslu og sölu sjávarafurða.

Stefnda vísar til meginreglna kröfu-, samninga- og félagaréttar um samninga og sönnun um tilvist þeirra. Þá sé vísað til almennra reglna um sönnun og laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Forsendur og niðurstaða:

Ágreiningslaust er að stefnandi millifærði 20.000.000 króna inn á reikning stefndu 30. desember 2016. Málsaðila greinir hins vegar á um það hvort millifærslan hafi verið lán, eða eins og stefnda byggir á að greiðslan hafi tengst nánar tilgreindu uppgjöri.

Til sönnunar því að stefnandi hafi verið eigandi 40% hlutar í Northern Seafood ehf., hefur stefnda lagt fram afrit ódagsetts afsalssamnings þar sem stefnda og eiginmaður hennar selja 40% eignarhlut sinn í Northern Seafood ehf. til félagsins Dock ehf. á eina krónu. Í skýrslu stefndu fyrir dómi bar hún að skjalið hafi verið undirritað 29. september 2016 eða haustið 2016. Síðar kvaðst hún ekki vera viss. Í skýrslu eiginmanns stefndu fyrir dómi bar hann að skjalið hafi verið undirritað fyrir haustið 2016.

Um nefnt afsal er á því byggt af hálfu stefndu að um falið eignarhald stefnanda hafi verið að ræða og lögmaður stefnandi hafi því ritað undir skjalið. Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst stefnandi ekki kannast við félagið Dock ehf. og hafi aldrei verið hluthafi í því félagi, eða í Northern Seafood ehf. Fyrir dómi bar Andri Gunnarsson lögmaður, sem undirritar skjalið, að félagið væri félag í hans eigu. Hann rámaði í tilgreint skjal en var þess fullviss að aldrei hafi orðið af þeim kaupum sem þar komi fram. Með öðrum hætti hafa ekki verið lögð fram gögn því til sönnunar að stefnandi hafi átt í eða tengst félaginu Dock ehf., eða að hann hafi verið „Silent Partner“ í kaupum á 40% eignarhluta í félaginu Northern Seafood ehf., eins og stefnda ber.

Stefnda hefur einnig lagt fram afrit kaupsamnings frá 17. ágúst 2016, þar sem stefnda og eiginmaður hennar selja allt hlutfé í Northern Seafood ehf. til félagsins DESK ehf. Skyldi kaupverðið greitt með peningum til stefndu og eiginmanns hennar. Með hliðsjón af því sem að framan gat um hefur sú sala mögulega átt sér stað áður en skjalið um sölu á 40% eignarhluta í Northern Seafood ehf. var undirritað. Hvað sem því líður þá kemur ekki fram í nefndum kaupsamningi að stefnandi hafi átt hlut í Northern Seafood ehf. Þá er ósannað að stefnandi hafi keypt sig inn í félagið DESK ehf. eins og einnig mátti ætla af skýrslu stefndu fyrir dómi. Fyrir dómi kvaðst stefnandi ekki kannast við félagið DESK ehf. og hefði aldrei verið hluthafi í því félagi.

Stefnda byggir á því að greiðsla stefnanda hafi verið uppgjör eigenda Northern Seafood ehf. við tilgreinda eigendur í félaginu DESK ehf., um fasteignir sem runnið höfðu til félagsins DESK ehf. Um það hvernig Northern Seafood ehf. og DESK ehf. tengdust hefur stefnda lagt fram afrit afsals frá 22. september 2017, þar sem stefnda og eiginmaður hennar afsala hvor um sig 16,66% hlut, eða samtals 33,33% hlut í DESK ehf. til félagsins sjálfs. Má af því skjali ráða að um hafi verið að ræða hækkun hlutfjár í DESK ehf. vegna slæmrar fjárhagsstöðu félagsins og tilgreindra dótturfélaga, þar á meðal Northern Seafood ehf. Nánar um þau eignartengsl eða með hvaða hætti stefnda og eiginmaður hennar urðu eigendur að 33,33% hlut í DESK ehf., eftir söluna á Northern Seafood ehf., liggur ekkert fyrir um í málinu. Engin gögn málsins benda til þess að stefnandi hafi verið eigandi að hlutum í DESK ehf., eða að hann hafi komið að fyrrgreindri ráðstöfun eignarhlutans í DESK ehf., þótt hann hafi að sögn stefndu verið 40% eigandi þess eignarhluta.

Um tilvísað uppgjör tengt tilgreindum fasteignum liggur í raun ekkert fyrir um í málinu, en ætla verður að það hafi þá verið um áramótin 2016-2017 eða þegar stefnandi leggur inn á stefndu umþrætta fjárhæð. Stefnda vísar til þess að eigendum Northern Seafood ehf. hafi borið sem eigendum að 33,33% eignarhlut í DESK ehf., að greiða nafngreindum aðilum 45.000.000 króna þar sem þeir hefðu lagt DESK ehf. til verðmætar fasteignir. Stefnda og eiginmaður hennar segjast hafa greitt 25.000.000 króna vegna þessa sem þáverandi eigendur 60% eignarhluta í Northern Seafood ehf. eða 60% af 33,33% hlutanum í DESK ehf. Um þá greiðslu liggja engin gögn fyrir í málinu.

Hafi umþrætt millifærsla átt að vera uppgjör stefnanda, sem eiganda 40% í Northern Seafood ehf. eða eiganda 40% af 33,33% í DESK ehf., sem þó liggur ekkert

fyrir um eins og fram er komið, hefði sú greiðsla væntanlega átt að vera nokkru lægri en 20.000.000 króna og greiðsla stefndu og eiginmanns hennar að sama skapi hærri.

Af skýrslum aðila og eiginmanns stefndu fyrir dómi, verður ætlað að þau hafi þekkt, einkum stefnandi og eiginmaður stefndu, sem hafi oft hist og rætt saman um möguleg viðskipti. Millifærslukvittunin ber það ekki með sér hvert var tilefni greiðslunnar og enginn lánasamningur var gerður. Stefnda ber sönnunarbyrði þess að greiðslan hafi verið greidd í þeim tilgangi sem hún hefur borið.

Að mati dómsins hefur stefnda ekki fært viðhlítandi sönnur fyrir því að greiðslan hafi verið hlutur stefnanda í því uppgjöri sem að framan getur um. Með vísan til alls framangreinds verður að líta svo á að greiðsla stefnanda til stefndu hafi verið peningalán.

Ágreiningslaust er að ekki var samið um gjalddaga lánsins og gildir þá sú óskráða meginregla kröfuréttar að lánið ber að endurgreiða þegar þess er krafist. Kröfubréf stefnanda er dagsett 27. október 2022 og hefur því ekki verið mótmælt að það hafi borist stefndu. Að fenginni þeirri niðurstöðu verður stefndu gert að greiða stefnanda 20.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, mánuði frá því að stefnandi sannanlega krafði stefndu um greiðslu, eða frá 27. nóvember 2022.

Samkvæmt niðurstöðu málsins, og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað eins og í dómsorði greinir að meðtöldum virðisaukaskatti.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Elísabet Erla Dungal, greiði stefnanda, Sigurði Gísla Björnssyni, 20.000.000 króna ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. nóvember 2022 til greiðsludags.

Stefnda greiði stefnanda 744.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson